

Geðhjálp segir sjaldan jafn mikilvægt að hlúa að því sem fólki þykir vænst um:

Óvissa ögrar geðheilsunni

HEILBRIGÐISMÁL „Rannsóknir hafa sýnt að fjórði hver einstaklingur fær geðsjúkdóm einhvern tímann á lífsleiðinni,“ segir Einar G. Kvaran, verkefnisstjóri í málefnum ungs fólks hjá Geðhjálp. „Alengt er að þetta gerist þegar fólk er undir miklu álagi og því má leiða líkur að því að hlutfallslega fleiri veikist í óvissuástandi líkt og því sem er í þjóðfélaginu um þessar mundir. Það er hægt að gera ýmislegt til að minnka líkurnar á að þetta gerist. Sjaldan hefur verið jafn mikilvægt að hlúa að því sem manni þykir vænt um.“

Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn

er á föstudag og af því tilefni verður haldin dagskrá í Perlunni milli klukkan 16 og 18. Þar munu tónlistarmenn stíga á svið auk þess sem haldin verða erindi um málefni sem tengjast geðheilsu barna og ungs fólks. Í tengslum við þann dag var vefsíðan 10.okt.com opnuð formlega á blaðamannafundi í gær þar sem fulltrúar frá Geðhjálp, Samtökum félagsmiðstöðva og Þjónustumiðstöðinni Vesturgarði auk lífsleiknikennara frá Hagaskóla kynntu framtakið. Kjörorð geðheilbrigðisdagsins er „Hlúðu að því sem þér þykir vænt um“.

- jse



EINAR G. KVARAN Nú ríkja óvissutímar og því jafnvel enn mikilvægara en ella að huga að geðheilsunni. Hér er Einar á blaðamannafundi sem haldinn var í gær til að kynna geðheilsudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR